SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

# VÍSNABÓKIN

9. MAÍ 2026
ELDBORG HARPA



**Vísnabókin er klassísk gersemi sem fylgt hefur mörgum börnum og fullorðnum allt frá því að hún kom fyrst út árið 1946. Í bókinni er að finna úrval vísna og kvæða sem hafa lifað með þjóðinni kynslóðum saman, aðrar eftir síðari tíma skáld. Bókin er prýdd hinum sígildu myndum listamannsins Halldórs Péturssonar.**

## STÖKUR

Runki fór í réttirnar
ríðandi á honum Sokka.
Yfir holt og hæðirnar
lét hann klárinn brokka.



Litla Jörp með lipran fót
labbar götu þvera,
hún mun seinna á mannamót
mig í söðli bera.



Afi minn fór á honum Rauð
eitthvað suður á bæi
að sækja bæði sykur og brauð
sitt af hvoru tagi.

Reykjavík
Stjórnarráð Íslands
Menningar-, nýsköpunar og háskólaráðuneytið
SAMSTARFSAÐILI
Radisson BLU 1919 HOTEL, REYKJAVIK
STOLTUR BAKHJARL
KVIKA Eignastýring
BAKHJARL Í FLUTNINGUM
TVG-ZIMSEN

# VÍSNABÓKIN

## LITLI TÓNSPROTINN

### TÓNLEIKAR Í ELDBORG 9. MAÍ KL. 14:00 & 16:00

---

**SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS**

**HJÖRTUR PÁLL EGGERTSSON**
HLJÓMSVEITARSTJÓRI

**HALLGRÍMUR ÓLAFSSON**
**SIGURÐUR ÞÓR ÓSKARSSON**
**ÞÓRUNN ARNA KRISTJÁNSDÓTTIR**
SÖGUMENN OG SÖNGVARAR

**GRADUALEKÓR LANGHOLTSKIRKJU**
SUNNA KAREN EINARSDÓTTIR,
KÓRSTJÓRI

**GRADUALE FUTURI**
BJÖRG ÞÓRSDÓTTIR,
KÓRSTJÓRI

**HALLDÓR PÉTURSSON**
MYNDSKREYTINGAR

**HRAFNKELL ORRI EGILSSON**
HLJÓMSVEITARÚTSETNINGAR



**VÍSNAFORLEIKUR**
Ýmis tónskáld

**TUMI FER Á FÆTUR**
Freysteinn Gunnarsson / Wolfgang Amadeus Mozart

**ÉG Á LÍTINN SKRÝTINN SKUGGA**
Sigurður Júlíus Jóhannesson / Gunnar Þórðarson

**Í HLÍÐARENDAKOTI**
Þorsteinn Erlingsson / Friðrik Bjarnason

**SMALADRENGURINN**
Steingrímur Thorsteinsson / Gunnar Þórðarson

**DÝRASYRPA**
- **Heiðlóarkvæði**
  Jónas Hallgrímsson / íslenskt þjóðlag
- **Komdu kisa mín**
  Rögnvaldur Jónasson / óþekktur höf.
- **Snati og Óli**
  Þorsteinn Erlingsson / Páll Ísólfsson

**STÖKUR**
- **Runki fór í réttirnar**
- **Afi minn fór á honum Rauð**
- **Litla Jörp með lipran fót**
  Þjóðvísur

**NÚ BLÁNAR YFIR BERJAMÓ**
Guðmundur Guðmundsson / Gunnar Þórðarson

**KRUMMI SVAF Í KLETTAGJÁ**
Jón Thoroddsen / íslenskt þjóðlag

**TUNGLIÐ, TUNGLIÐ TAKTU MIG**
þjóðvísa / Stefán S. Stefánsson

**SOFÐU UNGA ÁSTIN MÍN**
Jóhann Sigurjónsson / íslenskt þjóðlag

**STÓÐ ÉG ÚTI Í TUNGLSLJÓSI**
Jónas Hallgrímsson (Heinrich Heine) / íslenskt þjóðlag

# LITLI TÓNSPROTINN 2026-27



### 19. SEPTEMBER - TIL HAMINGJU MOZART

Við bjóðum í 270 ára afmælisveislu eins mesta undrabarns tónlistarsögunnar, Wolfgangs Amadeus Mozart. Sinfóníuhljómsveit Íslands flytur ásamt söngvurum valin verk sem draga upp lifandi mynd af afmælisbarninu. Richard Schwennicke heldur um tónsprotann, Halldóra Geirharðsdóttir er kynnir og einsöngvarar eru Bryndís Guðjónsdóttir og Unnsteinn Árnason.



### 12. DESEMBER - JÓLATÓNLEIKAR SINFÓNÍUNNAR

Jólatónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands eru sannkölluð hátíðarstund fyrir jólabörn á öllum aldri. Sígildar jólaperlur fléttast saman við klassísk ævintýri sem koma öllum í hátíðarskap. Maxímús Músíkús og trúðurinn Barbara taka á móti tónleikagestum og einsöngvarar eru Álfheiður Erla Guðmundsdóttir og Jóhann Kristinsson. Kolbrún Völkudóttir syngur á táknmáli og eru tónleikarnir í heild jafnframt túlkaðir á táknmáli.

### 8. MAÍ - Í GRÆNNI LAUTU

Í grænni lautu er samstarfsverkefni Sinfóníuhljómsveitar Íslands, Listasafns Íslands og Grasagarðs Reykjavíkur. Þar eiga þjóðsögur, tónlist, myndlist og náttúran stefnumót. Við förum í árstíðatengt ferðlag þar sem tónlistin vekur allt að vori og listaverkin leika sér að litagleði sumarsins, fjúka með laufum haustsins og falla í djúpan dvala vetrarins. Ólafur Egill Egilsson er sögumaður.

---

*Tónleikar Litla tónsprotans eru fjölskyldutónleikar, sniðnir að ungum áheyrendum og er lengd tónleikanna um ein klukkustund án hlés.*